

151. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs  
4. 9. 2024 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Lilja Jóhannesdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Mætt:** Ingunn Jónsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Bjarni Guðmundsson, Þórgunnur Torfadóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Sindri Örn Elvarsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir

**Fjarverandi:** Kristján Sigurður Guðnason, Lind Völundardóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

**Endurnýjun samnings við HVIN**

Hugrún Harpa greindi frá stöðu mála varðandi endurnýjun samnings en staðan er óbreytt frá því í vor og enn er beðið eftir samningsdrögum frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Áform um gerð samninga við þekkingarsetur á landsbyggðinni voru auglýst í samráðsgátt í júní. Hugrún Harpa hefur sent fyrirspurn til fulltrúa HVIN um hvenær megi vænta að drög að samningi berist en ekki hefur fengist svar, hún mun áfram ýta á eftir málinu.

**Endurnýjun stefnumörkunar NP**

Hugrún Harpa gerði tillögu að verklagi og tímalínu fyrir vinnu stjórnar að endurnýjun stefnumörkunar nú í haust. Tillagan felur í sér að formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari vinni að fyrstu drögum stefnumörkunar ásamt forstöðumanni. Verður sú vinna byggð á núverandi stefnumörkun, skipulagsskrá setursins og þeim upplýsingum sem stjórn hefur um efnistöð nýs samnings. Gert er ráð fyrir að fyrstu drög verði tilbúin 15. október og vinnufundur haldinn í stjórn í lok október. Stefnt er að því að samþykkja nýja stefnumörkun á fundi stjórnar í desember, að því gefnu að samningur við HVIN verði frágenginn.

**Starf setursins í vetur**

Hugrún Harpa fór yfir komandi vetur í starfi setursins og sagði frá helstu verkefnum vetrarins. Umfangsmest eru verkefni HeimaHöfn, Hornafjörður náttúrulega, háskólaþjónustan og ráðgjöf og þjónusta byggðarþróunarfulltrúa sem starfsfólk NP sinnir í samstarfi við SASS. Menntahvöt Hornafjarðar, Nýsköpunarnet Hornafjarðar og rannsóknahópur Nýheima eru samstarfshópar stofnana um stoðir setursins. Þessir hópar munu vinna áfram að málefnum stoðanna á komandi vetri með fjölbreyttum aðgerðum sem er ætlað að efla menntun, nýsköpun og rannsóknir á svæðinu. Þá er unnið að nokkrum verkefnaumsóknum í erlenda og innlenda samkeppnisjóði en flest þeirra verkefna snúa að málefnum ungs fólks í dreifðum byggðum.

Í ljósi verkefnastöðu var rætt um mikilvægi þess að tryggja þriðja stöðugildið við setrið með samningi við HVIN og/eða samstarfssamningum um sértæk verkefni, til dæmis við Sveitarfélagið Hornafjörð.

Það er mikill kraftur í starfi setursins sem er mikilvægt að viðhalda.

**Önnur mál**

Hugrún Harpa sagði frá viðburðum sem setrið stendur fyrir í septembermánuði:

- Upphafsfundur í HeimaHöfn þann 9. september
- Frumkvöðladagur þann 12. September
- Kynningarfundur um Uppbyggingarsjóð þann 17. september
- Evrópurútan, kynningar Rannís þann 19. september

Hugrún víðraði hugmynd um Nýheimadag þar sem stofnanir Nýheima munu kynna helstu verkefni komandi vetrar. Stjórn tók vel í hugmyndina og felur forstöðumanni að vinna áfram að málinu og gera tillögu að tímasetningu þess viðburðar.

Fundi slitið klukkan 10:00

Lilja Jóhannesdóttir  
Hugrún Harpa Reynisdóttir